

AUGLÝSING**um umferð í Reykjavík.**

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968 og að fenginni tillögu borgarráðs hefir eftirfarandi verið ákveðið:

Einstefnuakstur verður á Laugateigi til austurs frá Gullteigi að Reykjavegi. Heimilt verður að leggja ökutækjum beggja vegna götunnar þar sem einstefnuaksturinn er.

Framangreindar reglur taka gildi 1. ágúst 1979.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 15. júlí 1979.

Sigurjón Sigurðsson.

Nr. 347.

1. júní 1979.

AUGLÝSING**um umferð á Flateyri.**

Að fengnum tillögum hreppsnefndar Flateyrarhrepps, og samkvæmt heimild í umferðarlögum nr. 40/1968 eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Flateyri, Vestur-Ísafjarðarsýslu:

I. Aðalbrautir:

1. Hafnarstræti.
2. Brimnesvegur. Umferð eftir Brimnesvegi viki þó fyrir umferð eftir Hafnarstræti.
3. Tjarnargata. Umferð eftir Tjarnargötu viki þó fyrir umferð eftir Hafnarstræti og Brimnesvegi.

II. Einstefnuakstursgötur:

1. Unnarstígur er ekinn skal til vesturs.
2. Ránargata er ekin skal til austurs.
3. Sundið milli Hafnarstrætis og Grundarstígs, er ekið skal til vesturs.
4. Bárugata, er ekin skal til vesturs.

III. Bifreiðastöður eru bannaðar við vesturkant Grundarstígs milli Bárugötu og Túngötu.

Þetta kunngerist hér með Flateyringum og öðrum þeim sem leið eiga um Flateyri, til eftirbreytni.

Sýslumaðurinn í Ísafjarðarsýslu, 1. júní 1979.

Már Pétursson, settur.